**Ed.** **97. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun nefndar, til þess að athuga strandferða fyrirkomulagið.

Frá ráðherra.

Efri deild Alþingis ályktar að kjósa 5 manna nefnd, til þess að athuga framkomnar tillögur frá samgöngumálaráðunaut stjórnarinnar um fyrirkomulag strandferðanna eftirleiðis, og gjöra tillögur viðvíkjandi stærð og tilháttan skipa þeirra, er ætlast er til að landsstjórnin semji nánar um við stjórn Eimskipafjelags Íslands.